40. fundur stjórnar LH 2024-2026
14. september 2026 kl. 17:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: *Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.*
Mætt úr varastjórn: *Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson*
Forföll boðuðu*: Ólafur Þórisson, Jón Þorberg Steindórsson,*
Fundargerð ritar*: Berglind Karlsdóttir*

1. Samþykkt fundargerðar 39. fundar

2. Lagabreytingar fyrir Landsþing
   Farið var yfir breytingartillögur á lögum LH eftir ábendingar frá lögfræðingi ÍSÍ og eftir yfirferð laganefndar LH um lögin.
   Afgreiðsla: Til frekari umræðu á næsta fundi.

3. Landsþing - undirbúningur

   Kjörnefnd skipa: Atli Már Ingólfsson formaður, Jón Geir Sigurbjörngsson og Hafrún Hlín Magnúsdóttir

   Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við ákveðna aðila til að skipa kjörbréfanefnd og embætti fundarstjóra.

   Farið var yfir drög að dagskrá og hugsanleg framboð sitjandi stjórnar og varastjórnar.

4. Önnur mál
   a. Skógarhólar ehf.– beiðni um lán fyrir endurbætur á Skógarhólum.
      Á Skógarhólum eru fyrirhugaðar endurbætur á suðurgafli hússins, skipta á um klæðningu, grind að hluta og einangra vegginn. Farið verður í þessar framkvæmdir um miðjan september. Aflað hefur verið styrkja til efniskaupa hjá Límtré vírnet og Húsasmiðjunni, ráðnir hafa verið smiðir til verksins og með þeim eru aðstoðarmenn sem þyggja ekki laun.
      Áætlað er að kostnaður við framkvæmdina gæti orðið allt að 1.500.000 kr.
      Stjórn Skógarhólar efh. óska eftir vilyrði fyrir láni frá eiganda félagsins, LH, allt að kr. 1.500.000. Lánið verður endurgreitt á þremur árum, í jöfnum greiðslum vaxtalaust árin 2027, 2028 og 2029.
      Afgreiðsla: Samþykkt.

   b. Dagsetning Íslandsmóts – erindi frá landsliðs- og afreksnefnd.
      Heimsmeistaramótið í hestaíþróttum fer fram í Rieden í Þýskalandi dagana 27 júlí-1. ágúst 2027.
      Í aðdraganda mótsins er Íslandsmótið einn mikilvægasti hlekkurinn þegar kemur að því að velja fulltrúa Íslands til þátttöku á mótinu.
      Afreks- og landsliðsnefnd fer því á leit við stjórn LH og mótshaldara Íslandsmóts að mótið verði haldið 16.-20. júní 2027, sem er sama vika og mótið var haldið með glæsibrag árið 2026.

Þannig gefst tími til þess að kalla þau hross sem til greina koma í læknisskoðun í vikunni eftir mótið, tilkynna lið og undirbúa útflutning á hrossunum til Þýskalands, ásamt því að knapar fá þannig tækifæri til þess að undirbúa hesta sína á sem allra bestan hátt fyrir HM. Stefnt er að brottför landsliðsins þann 19. Júlí.
Afgreiðsla: Stjórn tekur jákvætt í beiðnina með fyrirvara um samtal við RML og mótshaldara þarf að eiga sér stað.

c. Vinnuhópur um framtíðarsýn Landsmóta – óskað hefur verið eftir tilboði frá Kvan um að sjá um að stýra þessu verkefni.

d. Hagspor hestamennskunnar – KPMG hefur gefið lokatilboð í skýrsluna og fyrir liggja drög að samningi.

e. Starf yfirþjálfara Hæfileikamótunar var auglýst til umsóknar. Tekin voru viðtöl við sex mjög hæfa einstaklinga og verið er að vinna úr þeim. Stefnt er á að ljúka ráðningu í vikunni.

f. Næsti fundur staðfundur 30. sept eða 1. okt.

Fundi slitið kl. 19:37